

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska gámafelagið Gufunes Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	26.2.2014	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska gámafelagið	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Gufunesvegi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470597-2289	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Birgir Kristjánsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	363053,302 408634,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Aðstaða til meðferðar spilliefna hefur verið bætt verulega og úrbætur á fráveitukerfi standa yfir (olíuskiljur í plönum á athafnasvæði). Staðfest var í síðasta eftirliti að mengunarvarnir voru ekki í samræmi við ákvæði þess efnis í starfsleyfi. Í kjölfarið sótti rekstraraðili um að gera breytingar á mengunarvörnum skriflega, og mat Umhverfisstofnun breytinguna hæfilega og staðfestist í þessu eftirliti að mengunarvarnir eru hæfilegar miðað við þau spilliefni sem til meðhöndlunar eru.

Viðbragðsáætlun og ábyrgðartrygging vegna mengunar hafs og stranda hefur borist Umhverfisstofnun.

Íslenska Gámafelagið hefur tilkynnt Umhverfisstofnun um að flokkun hættuminni spilliefna sem koma frá heimilum og gámasvæðum sveitarfélaga sé að hefjast á athafnasvæðinu.

Engin frávik voru staðfest í eftirlitinu, en tvær athugasemdir eru gerðar er varða tilkynningaskyldu rekstraraðila um breytingar á rekstri og aðgengi starfsmanna að viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda.

UMFANG EFTIRLITS

Auk ofannefndra tóku Elvar Vilhjálmsson og heilbrigðisfulltrúi Reykjavíkurborgar Ólöf Vilbergsdóttir þátt í eftirlitinu. Á fundi var farið yfir:

1. Innra eftirlit, gæðamarkmið, skráningar og hvernig þær eru framkvæmdar sem hluti af innra eftirliti. Lögð er sérstök áhersla á góðar skráningar úrgangsflokkja og réttar og tryggar merkingar spilliefna í samræmi við reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.
2. Viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda.
3. Fráveitumál
4. Umbunarkerfi fyrir fyrirtæki sem standast kröfur laga, reglugerða og starfsleyfi.
5. Yfirferð yfir síðustu eftirlitsskýrslu og rekstur síðasta árs (hvort kvartanir hafi borist, óhöpp orðið eða þ.h.)
6. Meðhöndlun raftækja
7. Meðhöndlun olíusía úr farartækjum

Eftirlitsskoðun: Aðstaða skoðuð og farið yfir mengunarvarnir sérstaklega

ATHUGASEMDIR

Ef rekstraraðili fjölgar úrgangsflokkum, ekki síst þeim sem innihalda spilliefni, er mikilvægt að tilkynna eftirlitsaðila það með góðum fyrirvara. Eins er rétt að tilkynna breytingar á aðstöðu, t.d. ef nýtt húsnæði er tekið undir starfsemina, sjá nánar ákv. 1.6 og 1.7 í starfsleyfi.

Rekstraraðili hefur útbúið viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda. Eftirlitsaðili minnir góðfúslega á að áætlunin þarf ávallt að vera starfsmönnum aðgengileg.

ANNAÐ

Farið var yfir 1. og 2. lið II. viðauka í reglugerð nr. 1104/2008 um sérmeðhöndlun efniviðar og íhluta raf- og rafeindatækja, einkum þá er innihalda spilliefni og kom eftirfarandi fram:

- 1a: Kemur lítið sem ekkert af þessu. ÍG tekur helst ekki við spennum sem innihalda PCB
- 1b. kemur lítið inn
- 1c. rafhlöður yfirleitt ekki fjarlægðar hjá ÍG, raftæki send heil út til frekari meðhöndlunar
- 1d. smáraftæki eru flest flutt til endurvinnslu hjá endurvinnsluaðila innanlands eða flutt heil út til endurvinnslu. Prentplötur eru fjarlægðar úr tölvum áður en þær eru sendar í frekari meðhöndlun.
- 1.f. plasti sem er fjarlægt af raftækjum er safnað sérstaklega og flokkað
- 1.g fá lítið af asbestúrgangi og íhluti sem innihalda asbest - en til ferill fyrir slíkan úrgang t.d. rafmagnsofna.
- 1.h.baksautslampar eru fluttir ómeðhöndlaðir út til endurvinnslu
- 1.i. Eru ekki með búnað til að fjarlægja kælimiðla, tæki sem innihalda kælimiðla eru flutt til meðhöndlunar hjá aðilum með þar til gerðan búnað þar sem kælimiðlar eru fjarlægðir

- 1.j. flúrperum er komið til meðhöndlunar hjá aðilum með búnað til að fjarlægja kvikasilfur.
- 1.k eru sendir erlendis til endurvinnslu/endurnýtingar
- 1.l. utanáliggjandi rafhleðslur eru fjarlægðar eftir því sem er unnt - flutt erlendis
- 1.m hefur ekki komið inn til ÍG
- 1.n hefur ekki komið inn til ÍG
- 1.o hefur ekki komið inn til ÍG, spennar fluttir út til endurvinnslu/endurnýtingar
- 2a. Bakskautslampar eru fluttir heilir erlendis til endurvinnslu
- 2b. Tæki sem innihalda kælimiðla er komið til meðhöndlunar þar sem búnaður er til staðar til að fjarlægja þá.

Raftæki sem safnað er og koma til ÍG eru geymd, annað hvort í gánum á svæðinu eða inni í skemnum.

Reykjavík, 10.06.2014



Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.